

Upphafsár
ferðamálafultrúa á Íslandi
1982-1997



Pórdís G. Arthursdóttir

Nóvember 1998

*Til Ferðamálaráðs Íslands
Með kveðju, Pórdís*

Efnisyfirlit

Formáli.....	bls. 1
Upphafsár ferðamálafulltrúa á Íslandi.....	bls. 2
Upphafsár Ferðamálasamtaka landshlutanna.....	bls. 2
Ferðamálafulltrúastarfið og lögin.....	bls. 3
Árin eftir 1990.....	bls. 4
Samstarf ferðamálafulltrúa.....	bls. 5
Fyrsti óformlegi fundurinn.....	bls. 5
Fyrsti formlegi fundurinn.....	bls. 5
Upplýsingablað um ferðamálafulltrúa.....	bls. 6
Fundir í tengslum við Ferðamálaráðstefnu Íslands.....	bls. 7
Fundur í Vestmannaeyjum 1995.....	bls. 7
Fundur í Reykjanesbæ 1996.....	bls. 7
Fræðslufundir	bls. 9
Fundur á Flúðum í mars 1995.....	bls. 9
Fundur á Akranesi í nóvember 1995.....	bls. 9
Fundir með ferðamálastjóra.....	bls. 10
Fundur með fulltrúa Byggðastofnunar.....	bls. 10
Skrá yfir ferðamálafulltrúa á Íslandi á árunum 1982-1997	bls. 11-14
Myndir frá upphafsárunum.....	bls. 15

Formáli

Ferðamálafulltrúastarfið er ung starfsgrein á Íslandi sem rekur upphaf sitt aftur til ársins 1982. Oftar en ekki eru menn andvaralausir um samtímann og fyrr en varir er samtíminn orðinn að fortíð og minnið briggjult þegar frá líða stundir.

Frá því að ég hóf starf sem ferðamálafulltrúi Akraness haustið 1990 hefur mér þótt mikilvægt að saga hinnar nýju starfsstéttar ferðamálafulltrúa væri til skráð. Strax í upphafi starfs míns leitaði ég upplýsinga um fyrri störf ferðamálafulltrúa og skráði þau niður. Síðan hef ég skráð nöfn, starfstíma og vinnuveitanda allra þeirra sem mér er kunnugt um að hafa borið starfsheitið ferðamálafulltrúi eða ferða- og atvinnumálafulltrúi á árunum 1982 til mars 1997, eða þar til ég lét sjálf af því starfi. Ég hef einnig skráð samstarf fulltrúanna á þessum árum.


Í maí 1997 tók ég við starfi ritstjóra hjá Nesútgáfunni, sem gefur út ferðahandbækur og kort s.s. Á ferð um Ísland, Around Iceland og Rund um Island, Around Reykjavík og Íslands- og Reykjavíkurtort. Starfið krefst mikilla samskipta við ferðamálafulltrúa. Ég hef þannig fengið tækifæri til að kynnst ferðamálafulltrúastarfinu frá öðru sjónarhorni og geri mér nú enn frekari grein fyrir mikilvægi þeirra starfa.

Í október 1998 fór Elías B. Gíslason, forstöðumaður skrifstofu Ferðamálaráðs á Akureyri þess á leit við mig að ég flytti erindi á samráðsfundi ferðamálafulltrúa, sem hann hafði boðað til í Kópavogi 12. nóvember 1998. Nýir aðilar höfðu tekið til starfa sem ferðamálafulltrúar á undanförunum mánuðum og bað Elías mig því um að fjalla um upphafsár og samstarf ferðamálafulltrúa. Mér fannst því vel til fallið að koma þeim upplýsingum, sem ég hafði safnað saman í eftirfarandi skýrslu.

Það er von mín að með þessari samantekt sem hér liggur fyrir sé tryggt að saga þessarar starfsgreinar glattist ekki og verðandi ferðamálafulltrúar og aðrir þeir sem starfa að eða hafa áhuga á ferðaþjónustu geti aflað sér upplýsinga um upphafsár ferðamálafulltrúa á Íslandi.

***Til að vera færir um að líta til framtíðar
þurfa menn að vera vel meðvitaðir um nútímann
og þekkja fortíðina.***

Akranesi 12. nóv. 1998



Þórdís G. Arthursdóttir

Upphafsár ferðamálafulltrúa á Íslandi

Ferðapjónusta er mjög ung atvinnugrein á Íslandi og er í örri þróun. Fyrstu lög um ferðapjónustu komu fram á Alþingi árið 1964. Átján árum síðar (árið 1982) var fyrsti ferðamálafulltrúinn, Benedikt Jónsson ráðinn til starfa í 6 vikur yfir sumartímamann hjá Ferðamálasamtökum Vesturlands, sem þá voru nýstofnuð. Það gefur auga leið að 6 vikur er afar skammur tími til að leggja grunn að nýrri starfsgrein en árangurinn lofaði góðu og árið eftir réðu ferðamálasamtökin Óla Jón Ólason til starfa sem ferðamálafulltrúa í 11/2 ár. Hann gerði m.a. góða úttekt á stöðu ferðamála á Vesturlandi og skrifaði skýrslu um stöðu og framtíðarsýn ferðapjónustu á Vesturlandi. Fjárhagsvandi háði síðan ferðamálasamtökunum þannig að Óli Jón fór að vinna m.a. fyrir Ferðamálasamtök Suðurlands og Suðurnesja samhliða starfinu á Vesturlandi. Óli Jón lét af starfi ferðamálafulltrúa 1985 en hefur síðan starfað mikið á öðrum sviðum ferðapjónustunnar.

Fleiri fóru að huga að ráðningu ferðamálafulltrúa og sumurin 1989 og 1990 starfaði Vigfús Geirdal sem ferðamálafulltrúi fyrir Ferðamálasamtök Vestfjarða. Í september 1989 ákvað lönþróunarfélag Eyjafjarðar að ráða til sín ferðamálafulltrúa, Þorleif Þór Jónsson. Hann starfaði hjá félaginu til ársloka 1990. Hann tók þá að sér tímabundið ferðapjónustuverkefni í 6 mánuði á vegum Akureyrarbæjar.

Upp úr 1990 má segja að kaflaskil verði í sögu þessarar starfsgreinar á Íslandi því þá réðu Ferðamálasamtök Austurlands og Akraneskaupstaður til sín ferðamálafulltrúa í heilsársstöður og á næstu árum fjölgaði þessum störfum um allt land eins og komið verður að síðar.

Upphafsár Ferðamálasamtaka landshlutanna

Upp úr 1980 fóru ferðapjónustuaðilar á landsbyggðinni að auka samvinnu og stuðla þannig að framgangi atvinnugreinarinnar. Árið 1982 voru fyrstu ferðamálasamtökin stofnuð, Ferðamálasamtök Vesturlands. Samsvarandi samtök voru síðan stofnuð í öllum landsfjórðungum. Árið 1986 voru nokkurs konar regnhlífasamtök ferðamálasamtakanna stofnuð, Ferðamálasamtök landshlutanna til að vinna að sameiginlegum hagsmunum samtakanna (samtökin heita í dag Ferðamálasamtök Íslands).

Árið 1988 rituðu Ferðamálasamtök landshlutanna bréf til Byggðastofnunar og fóru fram á að í hverju kjördæmi væri starfandi ferðamálafulltrúi sem ynni að uppbygginu ferðapjónustu sem atvinnugreinar líkt og aðrir atvinnuráðgjafar. Í bréfinu er m.a. talað um að ferðamálafulltrúarnir væru tengiliðir við upplýsingamiðstöðvarnar, sem voru að ryðja sér til rúms.

Nú 10 árum síðar er þetta ekki enn orðið að veruleika en nokkuð hefur þó þokast fram á við og eru ferðamálafulltrúar nú starfandi í flestum kjördæmum landsins.

Ferðamálafulltrúastarfið og lögin

Í júní 1989 skipaði þáverandi samgönguráðherra, Steingrímur Sigfússon nefnd og var Hjörleifur Guttormsson alþingismaður skipaður formaður. Verkefni nefndarinnar var „*Að fjalla um ferðamál á breiðum grundvelli og stefnumörkum í þeim.*“ Nefndin undirbjó síðan frumvarp til laga um ferðaþjónustu sem lagt var fyrir Alþingi (113. löggjafarþing 1990) en frumvarpið náði ekki fram að ganga.

Í II kafla 10. gr. frumvarpsins segir: „*Ákveði ferðamálasamtök landshlutanna að ráða ferðamálafulltrúa til starfa á sínum vegum er heimilt að greiða úr ríkissjóði framlag vegna starfa þeirra. Framlag miðast við launakostnað vegna starfa eins manns í kjördæminu.*“ Í greinagerð með frumvarpinu segir: „*Gera þarf ferðamálasamtökum og Ferðamálaráði í sameiningu kleift að koma upp og starfrækja ferða- og upplýsingamiðstöðvar í landshlutunum. Í tengslum við þær ættu að starfa ferðamálafulltrúar. Verkefni þessara miðstöðva væri að:*

- * *Styðja við uppbyggingu og skipulag ferðamála*
- * *Veita fyrirtækjum og sveitafélögum ráðgjöf*
- * *Samræma upplýsinga- og útgáfustarfsemi*
- * *Vinna að ýmsum þróunarverkefnum*“

Vafalítið hefði það haft mikla þýðingu fyrir störf ferðamálafulltrúa ef frumvarpið hefði orðið að lögum. Í gildandi lögum um skipulag ferðamála (frá 1994) er ekki getið um ferðamálafulltrúa.

Ekki er beinlínis hægt að læra til ferðamálafulltrúastarfa á Íslandi og starfið er ekki lögverndað. Á upphafsárunum voru flestir fulltrúarnir með fjölbreytta starfsreynslu innan geirans en aðeins fáir með einhvers konar háskólanám í ferðafræðum. Haustið 1995 voru 6 af 14 starfandi fulltrúum með háskólanám í ferðafræðum frá erlendum háskólum. Aðrir voru með mjög fjölbreytt nám að baki allt frá slaghörpuleik til meinatæknanáms!

Ferðamálafulltrúastarfið er mjög krefjandi (frumkvöðla)starf sem krefst þess að viðkomandi sé frjór og gefandi í starfi og geti unnið sjálfstætt, eigi auðvelt með að umgangast fólk og fá til samvinnu ólíka hópa s.s. ferðaþjónustuaðila og fólk í menningar-, lista- og verslunargeiranum, en hann þarf jafnframt að gæta að viðskiptahagsmunum viðkomandi aðila.

Starfsvettvangur fulltrúanna er afar misjafn, sumir eru að vinna með heilu landshlutana og jafnvel höfuðborg landsins meðan aðrir eru að vinna með fámenna hreppa eða bæjarfélög. Ferðaþjónusta sem atvinnugrein er mislangt á veg komin á Íslandi og þó svo að grunntónninn í starfsaðferðunum sé hinn sami þarf að beita mismunandi vinnuaðferðum.

Undirbúningi fyrir ráðningu ferðamálafulltrúa er misvel háttað. Í nokkrum tilfellum hefur verið ráðinn ferðamálafulltrúi og það talin vera lausn allra mála fyrir ferðaþjónustuna á viðkomandi svæði. Honum er gjarnan falið að „redda“ málunum en fær takmarkaðan stuðning og skilning á því sem hann er að gera.

Getur verið að ein skýringin á því hversu stutt menn endast í störfum ferðamálafulltrúarstarf, sé hve starf þeirra er illa undirbúið?

Mjög erfitt er að fara af stað með nýjan atvinnuveg sem ekki er fyrir á svæðinu og lítil verkþekking og hefð er fyrir. Í mörgum tilfellum þurfa aðilar að temja sér nýjan hugsunargang og það getur tekið dágóðan tíma og þolinmæði. Hlutirnir gerast ekki á einni nóttu en ætlast er til árangurs í starfi, helst strax og ferðamálafulltrúinn tekur til starfa. Aftur á móti er ekki alveg ljóst hvernig á að mæla árangurinn. Hér gilda ekki sömu lögmál og í venjulegum fyrirtækjum þar sem menn

geta sett sér mælanleg markmið í veltuaukningu því embætti ferðamálafulltrúa er ekki tekjuskapandi í sjálfu sér heldur orsakar veltuaukningu hjá ýmsum öðrum. Erfiðlega gengur því að mæla árangur í svo víðtæku starfi þar sem áhrifa gætir á svo mörgum sviðum.

Misvel hefur gengið að fjármagna stöður ferðamálafulltrúa. Þeir sem ráðnir eru hjá ferðamálasamtökum sjá ofstast um innheimtu árgjalda og af þeim fá þeir greidd laun. Misvel gengur að innheimta árgjöldin og því fer mikill tími og orka í þessa innheimtu. Fulltrúarnir geta ekki einbeitt sér sem skyldi að uppbyggingu og þróun ferðabjónustu fyrir viðkomandi svæði. Í nokkrum tilfellum hefur starfsöryggið verið það lítið að innan ferðamálafulltrúahópsins er talað um að hlutaðeigandi séu á dagpeningum því óvíst er hvort fé sé til fyrir launum nema fyrir líðandi stund!

Ef lagafrumvarpið frá 1990 hefði náð fram að ganga hefði það breytt miklu því þar (10. gr) var kveðið á um að ríkið greiddi laun ferðamálafulltrúa sem væru ráðnir af ferðamálasamtökum landshlutanna.

Árin eftir 1990

Um 1990 fer skilningur á ferðabjónustu að vakna og menn gera sér grein fyrir því að vinna þarf að þessari atvinnugrein eins og flestum öðrum atvinnugreinum allt árið. Það urðu því viss kaflaskil þegar Ferðamálasamtök Austurlands réðu Karenu Erlu Erlingsdóttur í heilsársstarf frá 1. september 1990 og á svipuðum tíma eða 1. október sama ár réð Akraneskaupstaður Þórdísi G Arthursdóttur sem ferðamálafulltrúa í heilsársstarf. Starfsvettvangurinn var mjög ólíkur, annars vegar rúmlega 5000 manna bæjarfélag þar sem ráðningaraðilinn var bæjarstjórn og hins vegar heilt kjördæmi frá Vopnafirði til Hafnar í Hornarfirði þar sem ferðamálasamtök voru ráðningaraðilar.

Ferðamálafulltrúar sem voru ráðnir á næstu mánuðum og árum voru ýmist ráðnir af ferðamálasamtökum einstakra landshluta, smærri ferðamálafélögum, héraðsnefndum eða atvinnuþróunarfélögum og er svo enn í dag. Aðeins örfá bæjarfélög hafa ráðið til sín ferðamálafulltrúa.

Haustið 1991 réðust Dalasýsla og Reykhólahreppur í átaksverkefni í atvinnumálum í samvinnu við Byggðastofnun og réðu Vilborgu Guðnadóttir í 70 % starf ferðamálafulltrúa. Á næstum árum tók Byggðastofnun enn frekari þátt í kostnaði við störf ferðamálafulltrúa víða um land. Í nokkrum tilfellum var starfssviði ferðamálafulltrúa breytt og sinntu þeir auk þess öðrum atvinnugreinum og var starfsheiti þeirra þá atvinnu- og ferðamálafulltrúi.

Frá árinu 1982 til mars 1997 hafa, samkvæmt skrá (sjá síðar), 37 aðilar borið starfsheitið ferðamálafulltrúi eða atvinnu- og ferðamálafulltrúi.

Samstarf ferðamálafulltrúa

Ferðamálafulltrúarnir hafa haft gott samstarf sín á milli. Þeir hafa notað tækifærið og rætt sameiginleg hagsmunamál og önnur mál þegar tækifæri hafa gefist og verið duglegir að sækja ráðstefnur og fundi um ferðamál. Þeir hafa einnig starfað ötullega í Ferðamálasamtökum Íslands og komið saman á samráðsfundum og á aðalfundum samtakanna og rætt þá sín málefni þó ekki hafi verið um formlega fundi þeirra að ræða.

Fyrsti óformlegi fundur ferðamálafulltrúa

Á Ferðamálaráðstefnu Íslands að Hótel Stykkishólmi árið 1992 komu ferðamálafulltrúarnir saman til síns fyrsta óformlega fundar. Ræddu menn þar mál ferðamálafulltrúa almennt og miklvægi þess að viðhalda sambandi sín á milli.

Á þann fund mættu; Jóhann D. Jónsson, Vilborg Guðnadóttir, Anna Margrét Guðjónsdóttir, Þórdís G. Arthursdóttir, Vigfús Vigfússon, Heiðar Ingi Svanson, Rögnvaldur Guðmundsson og Karen Erla Erlingsdóttir. Einnig sat fundin Valgeir Ingi Ólafsson sem starfaði þá á upplýsingamiðstöðinni fyrir ferðamenn á Selfossi en varð síðar ferðamálafulltrúi Suðurlands.

Á Ferðamálaráðstefnu Íslands að Mývatni árið 1993 var ekki komið saman til sérstaks fundar, en menn ræddu óformlega sín mál.

Fyrsti formlegur fundur ferðamálafulltrúa

Árið 1994 var ákveðið að boða bréflega til sérstaks fundar að Hótel Höfn í Hornafirði í tengslum við Ferðamálaráðstefnu Íslands, sem var þar haldin. Segja má að það hafi verið fyrsti formlegi fundur ferðamálafulltrúa á Íslandi. Á þessum fundi var ákveðið að stofna ekki formlegt félag heldur skyldi hópurinn hafa með sér óformlegan félagsskap.

Fyrir fundinn tók Valgeir Ingi Ólafsson að sér að útbúa skráningarblað um ferðamálafulltrúa (sjá meðfylgjandi eyðublað) þar sem fram kæmu allar helstu upplýsingar um um ráðningarkjör og menntun ferðamálafulltrúa. Skyldu upplýsingarnar endurnýjaðar árlega. Þórdísi G. Arthursdóttur var falið að halda utan um spjaldskrána og hafa persónuleynd um þær upplýsingar sem þar kæmu fram. Var þetta gert m.a. til að samræma sem best launakjör og starfsaðstöðu fulltrúanna sem var mjög mismunandi. Sveitastjórnarmenn, ferðamálasamtök og aðrir aðilar ferðamála gátu þannig leitað eftir upplýsingum um ráðningakjör á einum stað. Þess var jafnframt gætt að gefa aðeins ópersónugreinanlegar upplýsingar um meðallaun, en ekki um launakjör einstakra fulltrúa.

Fyrir fundinn var rætt um að útbúa þyrfti merki félagsins og hannaði Valgeir Ingi það og setti á skráningarblaðið. Því miður hefur frumhönnun merkisins glatast og það var einungis notað á skráningarblöðin og á fundarboð fyrir fræðslufund sem haldinn var á Flúðum í mars 1995 (sjá meðfylgjandi fundarboð). Hið óformlega félag var nú skammstafað **FFÁÍS**, Félag ferðamálafulltrúa á Íslandi.

Á þessum fyrsta formlega fundi ákváðu ferðamálafulltrúarnir að hittast vor og haust til að bera saman bækur sínar og taka jafnframt fyrir ákveðin málefni sem tengdust störfum fulltrúanna.

Á fundinn mættu 10 ferðamálafulltrúar; Þórdís G. Arthursdóttir, Anna M. Guðjónsdóttir, Sigríður Gróa Þórarinsdóttir, Ófeigur Gestsson, Jakob Þorsteinsson, Kristófer Ragnarsson, Ingibjörg Ingadóttir, Elías Gíslason, Jóhann D. Jónsson og Rögnvaldur Guðmundsson. Samþykkt var að Vilborg Guðnadóttir fyrrverandi ferðamálafulltrúi fengi að vera áhæyrnarfulltrúi.



Upplýsingablað um ferðamálafultrúa

Nafn: _____ **Kennitala:** _____
Heimilisfang: _____ **Heimasími:** _____
Vinnustaður: _____ **Vinnusími:** _____ **Fax:** _____

Starfsheiti: _____ **Hóf störf:** _____

Ráðningaraðili: _____ **Ráðinn til:** _____

Yfirmaður: _____ **Starfshlutfall:** _____

Starfsvettvangur:

Landshluti: _____ **Bæjarfélag:** _____ **Hreppur:** _____

Vinna á upplýsingamiðstöð: Já Nei

Starfsmannahald: Já Nei
Hvað margir... _____

Menntun:

Brúttólaun miðað við 1. september 1994:

Annað:

Greitt fyrir akstur pr. mánuði.

100-400 km		Greitt skv. akstursbók	
400-800 km		Annað	
800-1200 km			

80.000-100.000	
100.000-120.000	
120.000-140.000	
140.000-160.000	
160.000-180.000	
180.000-200.000	
200.000-220.000	
220.000-250.000	
250.000-300.000	

Dagpeningar:

Já
Nei

Fundir í tengslum við Ferðamálaráðstefnu Íslands

Fundur í Vestmannaeyjum

Á Ferðamálaráðstefnu Íslands sem haldin var í Vestmannaeyjum í byrjun október 1995 stóð til að halda samráðsfund en vegna misskilnings náðu ferðamálafulltúarnir ekki saman og því varð ekki af formlegum fundi. Hluti hópsins hittist á Hótel Þórshamri. Þetta voru þau Ófeigur Gestson, Þórdís G. Arthursdóttir, Anna Margrét Guðjónsdóttir, Jóhanna B. Magnúsdóttir og Kristófer Ragnarsson. Hinn hlutinn, þau Sigríður Gróa Þórarinsdóttir, Jakob Þorsteinsson, Þórður Höskuldsson og Rögnvaldur Guðmundsson hittust hins vegar á Hótel Bræðraborg Elías Gíslason var ferðamálafulltrúi í Vestmannaeyjum á þessum tíma og var upptekinn við að undirbúa Ferðamálaráðstefnu Íslands þannig að hann gat ekki verið með okkur þetta kvöld.

Fundur í Reykjanesbæ í okt. 1996

Í tengslum við Ferðamálaráðstefnu Íslands sem haldin var í Reykjanesbæ í október 1996 hittust eftirtaldir ferðamálafulltrúar: Jóhanna B. Magnúsdóttir, Ásborg Arnþórsdóttir, Þórður Höskuldsson, Anna Margrét Guðjónsdóttir, Þórdís G. Arthursdóttir, Ófeigur Gestsson, Kolbeinn Þór Bragason og Valgeir Baldursson starfsmaður hjá Iðnþróunarfélagi Norðurlands Vestra. Jóhann D. Jónsson ferðamálafulltrúi Suðurnesja var önnur kafinn við að undirbúa Ferðamálaráðstefuna og sat því ekki fundinn.

Á þessum fundi rakti Þórdís sögu ferðamálafulltrúa á Íslandi, Anna Margrét sagði frá starfi sínu sem ferðamálafulltrúi Reykjavíkurborgar og Kristófer Ragnarsson ætlaði að segja frá starfi sínu á Austurlandi, en hann komst því miður ekki á fundinn. Þórdís sagði einnig frá því að hún hafði um sumarið heimsótt ferðamálafulltrúa Tønder í Danmörku (Tønder er vinabær Akraness, þar sem Þórdís starfaði). Sá fulltrúi var í stjórn félags norrænna ferðamálafulltrúa en í þeim samtökum voru ekki íslenskir fulltrúar. Norrænu fulltrúarnir ætluðu að funda í Randers í nóvember 1996 og ætlaði Þórdís að sækja þann fund til að koma á tengslum við „kollega“ á norðurlöndunum. Ekki varð af þessum fundi í nóvember heldur frestaðist hann til vors 1997. Þórdís lét af störfum í byrjun árs 1997 og enginn fulltrúi fór frá Íslandi.



Fundur ferðamálafulltrúa á

Flúðum í Hrunamannahreppi dagana 20. og 21. mars 1994.

Fundarstaður: Hótel Flúðir, Hrunamannahreppi, 801 Selfossi.

Fundartími: Mánudagur 20. mars og þriðjudagur 21. mars 1994.

Dagskrá fundarins

Mánudagur 20. mars:

- Kl. 13:00 - 14:00** Hörður Erlingsson. Hvernig starfar (lítil) ferðaskrifstofa að markaðs og kynningarmálum erlendis. Hvernig getur hún nýtt starfskrafta ferðamálafulltrúa? Hver eru helstu vandamál leiðsögumanna og ferðaskipuleggjaenda gagnvart ferðum um Íslands með hópa. - Umræður og fyrirspurnir að erindi loknu.
- Kl. 14:00 - 15:00** Kjartan Lárusson. Hvernig vinna stórar ferðaskrifstofur úr gögnum frá ferðamálafulltrúunum? Hvernig gögn vilja þær fá og á hvern hátt er vænlegast að þessir aðilar vinni saman? Hvernig er markaðsstarfi hjá FÍ háttað, erlendis - hérlendis. Hver er hlutdeild landsbyggðar og þéttbýlis í markaðssókninni? - Umræður og fyrirspurnir að erindi loknu.
- Kl. 15:00 - 16:00** Dieter Wendler Jóhannsson ræðir um starfsemi skrifstofunnar í Frankfurt. Hvernig getur hún önnið heildina ferðarfulltrúa á Íslandi og þeir fyrir hana. Hverjar eru áherslur hennar í markaðsmálum? Hvað með framtíð? ... Umræður og fyrirspurnir að erindi loknu.
- Kl. 16:00 - 16:30** Kaffi
- Kl. 16:30 - 17:30** Umræður - Gagnsemi fundarins metin - Önnur mál - Niðurstöður teknar saman.
- Kl. 17:30 - 18:00** Afþreying í boði og umsjá heimamanna.
- Kl. 18:00 - 19:30** Heitir pottar og/eða sundsprettur í sundlauginni á Flúðum.
- Kl. 19:30** Kvöldverður og létt spjall fram eftir kvöldi.

Þriðjudagur 21. mars:

- Kl. 10:00 - 12:00** Mikilvægi uppbyggingar ferðahjónustu í hinum dreifðu byggðum landsins. Elísabet Benediktisdóttir, forstöðumaður Byggdastofnunar á Egilsstöðum
- Kl. 13:00** Brottför frá Flúðum.

Jón Gauti Jónsson, hótelstjóri á Hótel Flúðum hefur gert hópnum tilboð í pakkann. Reiknað er með að fólk mæti kl. 13:00 og sé þá húsið að snæða hádegisverð þann daginn. Einnig að það verði lokið með hádegisverði á þriðjudaginn. **Verð á pakkanum miðað við tvo í herbergi er þá kr. 4.500 en sé miðað við einn í herbergi er verðið kr. 5.000.**

Ferðamálafulltrúar eru beðnir að skrá sig sem allra fyrst hjá, Önnu Margréti sími 94-4633, Þórdísi sími 93-13327 eða Valgeiri Inga sími 98-21088. Þá eru menn einnig beðnir að geta þess hvort makar þeirra komu með til fundarins, en í undirbúningi er makaprógramm á meðan á fundinum stendur. Þeir sem hugsanlega hefðu hug á því að koma að Flúðum á sunnudagskvöldinu stendur það til boða.

Mætum nú öll kát og hress með góðar hugmyndir, sundfötin og góða skapið.

Fræðslufundir

Fundur á Flúðum í mars 1995

Dagana 20.-21. mars 1995 boðuðu ferðamálafulltrúar til fundar að Flúðum til að ræða um samstarf ferðamálafulltrúa og ferðaskrifstofa (sjá fundarboð). Dieter Wendler hjá ferðamálaráði í Frankfurt sagði frá starfi sínu í Þýskalandi og hvað þyrfti að bæta í íslenskri ferðaþjónustu. Kjartan Lárusson formaður samtaka íslenskra ferðaskrifstofa skýrði frá ýmsu í starfsemi ferðaskrifstofa og hvernig þær ynnu úr upplýsingum frá ferðamálafulltrúum og Hörður Erlingsson sagði frá starfsemi lítilla ferðaskrifstofa. Daginn eftir hélt Elísabet Benediktsdóttir, forstöðumaður Byggðastofnunar á Egilsstöðum erindi um miklvægi uppbyggingar ferðaþjónustu í hinum dreifðu byggðum landsins. Miklar og góðar umræður urðu á fundinum sem tókst í alla staði mjög vel.

Til fundarins mættu 12 ferðamálafulltrúar; Valgeir Ingi, Ófeigur Gestson, Jakob Þorsteinsson, Valgarður Halldórsson, Anna Margrét Guðjónsdóttir, Sigríður Gróa Þórarinsdóttir, Þórður Höskuldsson, Kristófer Ragnarsson, Elías Gíslason, Jóhann D. Jónsson, Þórdís G. Arthursdóttir og Rögnvaldur Guðmundsson. Áheyrnarfulltrúar voru María Guðmundsdóttir forstöðumaður Upplýsingamiðstöðvar Ferðamála, Helga Haraldsdóttir forstöðumaður skrifstofu Ferðamálaráðs á Akureyri, Vilborg Guðnadóttir fyrrverandi ferðamálafultrúi og Jón Gauti Jónsson, hóteltjóri á Flúðum.

Fundur á Akranesi í nóvember 1995

Dr. Terry Stevens prófessor í ferðafræðum við Swansea-háskóla í Wales kom til Akraness snemma árs 1995 til ráðgjafastarfa vegna fyrirhugaðs Sjávargarðs sem vonir stóðu til að reistur yrði á Akranesi.

Dr. Terry Stevens er virtur ráðgjafi á sviði ferðamála og fyrir tilstuðlan Flugleiða (þar sem hann var með erindi fyrir erlenda umboðsmenn Flugleiða á Hótel Loftleiðum), Ferðamálasamtaka Íslands og Þórdísar G. Arthursdóttur, kom hann til Akraness í nóvember 1995. Hann hélt fjölmennan fund þar sem fjallað var um ýmis málefni sem tengjast ferðámálum og m.a. var hann með mjög fróðlegt erindi um rekstur upplýsingamiðstöðva í hinum ýmsu löndum.

Eftir almenna fundinn fundaði Terry Stevens með ferðamálafulltrúum um ýmis málefni er tengdust störfum þeirra. Mikill fengur var fyrir ferðamálafulltrúana að fá Terry Stevens til landsins og mættu eftirtaldir aðilar á fundinn; Jóhanna B. Magnúsdóttir, Ásborg Arnþórsdóttir, Jakob Þorsteinsson, Valgarður Halldórsson, Ingibjörg Ingadóttir, Sigríður Gróa Þórarinsdóttir, Þórður Höskuldsson, Kristófer Ragnarsson, Elías B. Gíslason, Þórdís G. Arthursdóttir og Rögnvaldur Guðmundsson.

Fundir með ferðamálastjóra

Sumarið 1994 fór af stað átakið „Ísland sækjum það heim“ og má segja að það hafi verið fyrsta stóratakið í að fá Íslendinga til að ferðast um eigið land. Þann 10. október sama ár boðaði Magnús Oddsson ferðamálastjóri, ferðamálafulltrúa á sinn fund í Kornhlöðunni í Reykjavík til að ræða árangur átaksins og kynnast því sem væri að gerast í ferðapjónustunni á landsbyggðinni. Mæting var mjög góð þar sem 13 ferðamálafulltrúar sóttu fundinn.

Í júlí 1995 boðaði ferðamálastjóri fund með ferðamálafulltrúum á Akureyri til að ræða samstarf Ferðamálaráðs og ferðamálafulltrúa og tengingu við erlenda markaðinn. Fundurinn var mjög vel sóttur og mættu flestir ferðamálafulltrúar.

Fundur með fulltrúa Byggðastofnunar

Sigurður Guðmundsson forstöðumaður þróunarsviðs Byggðastofnunar kom á fund með ferðamálafulltrúum í Lækjarbrekku í Reykjavík þann 9. febrúar 1995, til að ræða samstarf ferðamálafulltrúa og Byggðastofnunar. Atvinnufulltrúar voru þá að koma til starfa víða um land og voru hugmyndir uppi innan Byggðastofnunar um að samræma betur störf atvinnu- og ferðamálafulltrúa, þar sem báðir aðilar væru að vinna að atvinnuþætti á viðkomandi svæðum.

Á fundinn mættu; Ófeigur Gestson, Jakob Þorsteinsson, Valgarður Halldórsson, Ásborg Arnþórsdóttir, Jóhanna B. Magnúsdóttir, Sigríður Gróa Þórarinsdóttir, Þórður Höskuldsson, Kristófer Ragnarsson, Elías B. Gíslason, Jóhann D. Jónsson, Þórdís G. Arthursdóttir, Þórunn Gestsdóttir, Guðrún Jónsdóttir, Karl Ingólfsson og Rögnvaldur Guðmundsson. Fundinn sátu einnig Jón Illugason formaður Ferðamálasamtaka Íslands, Ingibjörg Þorsteinsdóttir sem starfaði hjá Eflingu í Stykkishólmi og Guðmundur B. Heiðarsson forstöðumaður Ferðamálaábyrgðar Eyjafjarðar.

Skrá yfir ferðamálafulltrúa á Íslandi frá 1982 til 1. mars 1997**Ferðamálafulltrúar árin 1982-1989**

- * 1982 réðu Ferðamálasamtök Vesturlands, þá nýstofnuð, Benedikt Jónsson sem ferðamálafulltrúa í 6 vikur yfir sumartímann.
- * 1983 réðu Ferðamálasamtök Vesturlands, Óla Jón Ólason sem ferðamálafulltrúa í fullt starf í 11/2 ár.
- * 1985 var Óli Jón ráðinn í 1/2 starf hjá Ferðamálasamtökum Vesturlands og 1/2 starf hjá Ferðamálasamtökum Suðurlands. Fjárhagsvandi var mikill og var því Óli Jón „lánaður“ til starfa víða um land. Vann hann m.a. í 1-2 mán. fyrir Ferðamálasamtök Suðurnesja.
- * 1989 og 1990 starfaði Vigfús Geirdal sem ferðamálafulltrúi yfir sumarmánuðina hjá Ferðamálasamtökum Vestfjarða.
- * 1989 sept.-31. des. 1990 vann Þorleifur Þór Jónsson hjá lönþróunarfélagi Eyjafjarðar sem ferðamálafulltrúi. Hann tók síðan að sér tímabundið verkefni á sviði ferðamála fyrir Akureyrarbæ í 6 mán. frá 1. jan. 1991.

Ferðamálafulltrúar ráðnir 1990

- * 1990 var Björn S. Lárusson ráðinn í ársverkefni sem ferðamálafulltrúi hjá Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum. Samtímis var hann að vinna hjá Ferðamálasamtökum Suðurlands.
- * 1990, 1. sept. var Karen Erla Erlingsdóttir ráðin ferðamálafr. Austurlands. Í fyrstu var miðað við 100% starf yfir sumarið en 50% yfir veturinn. Karen Erla lét af störfum í maí 1994.
- * 1990, 1. okt. var Þórdís G. Arthursdóttir ráðin ferðamálafr. Akraness í 80% starf sem síðan var aukið í 100% starf 1. jan. 1992. Þórdís lét af störfum í mars 1997.

Ferðamálafulltrúar ráðnir 1991

- * 1991, í apríl var Vigfús Vigfússon ráðinn ferðamálafulltrúi hjá Héraðsnefnd Skagafjarðar og Siglirðingum. Starfið var 50% í byrjun er fór síðan í 100% 1. apríl 1993. Vigfús hætti störfum í maí 1994.
- * 1991, 10. apríl var Jóhann D. Jónsson ráðinn ferðamálafulltrúi hjá Ferðamálasamtökum Suðurnesja í 100% starf. Við sameiningu sveitarfélaga á Suðurnesjum var Jóhann D. ráðinn ferðamálafulltrúi Reykjanesbæjar 1. júlí 1995.
- * 1991, í maí var Sigríður Ágústsdóttir ráðin ferðamálafulltrúi Snæfellsness. Sigríður hætti 1. september 1991.
- * 1991, um haustið var Ingibjörg Hallkelsdóttir ráðin til 1 árs í 50% starf ferðamálafulltrúa Snæfellsness. Ingibjörg hætti störfum 1. sept 1992.

- * 1991, 1. september var Vilborg Guðnadóttir ráðin ferðamálafulltrúi við samvinnuverkefni sveitarfélaga Dalasýslu og Reykhólahrepps og Byggðastofnunar og til að vinna að átaksverkefni í atvinnumálum. Starfhlutf. 70%. Vilborg hætti störfum í maí 1994.

Ferðamálafulltrúar ráðnir 1992

- * 1992, 1. júní var Heiðar Ingi Svansson ráðinn hjá Ferðamálafélagi A-Húnavatnssýslu. Miðað var við 100% starf yfir sumarið en 50% yfir vetrartímann. Heiðar Ingi hætti störfum í maí 1994.
- * 1992, 1. júlí var Rögnvaldur Guðmundsson ráðinn ferðamálaferðamaðlaf. hjá Hafnarfjarðarbæ. Í fyrstu var miðað við 100% starf yfir sumarið en 50% yfir vetrartímann. Síðar varð þetta 100% starf. Rögnvaldur fór í leyfi til að sjá um Víkingahátíð, kom síðan aftur til starfa í nokkra mánuði. Fór síðan í 1 árs leyfi frá 1. nóv. 1997, en sagði síðan starfinu lausu frá 1. nóvember 1998.
- * 1992, 1. sept. var Anna Margrét Guðjónsdóttir ráðin ferðamálafulltrúi Vestfjarða af Ferðamálasamtökum Vestfjarða og Byggðastofnun í 100% starf. Anna Margrét hætti störfum í júní 1995 og tók við samskonar starfi í Reykjavík.
- * 1992, 1. des. var Sigríður Gróa Þórarinsdóttir ráðin af Ferðamálafélagi V.-Húnavatnssýslu, styrkt af Héraðsnefnd V.-Húnavatnssýslu sem atvinnu- og ferðamálafulltrúi í 100% starf. Sigríður Gróa hætti störfum 1. mars 1996.

Ferðamálafulltrúar ráðnir 1993

- * 1993, 15. apríl var Kristín Pétursdóttir ráðin ferðamálafulltrúi hjá Egilsstaðarbæ, Vallarhreppi og Fljótsdalshreppi í 100% starf til 14. október.
- * 1993, 1. júlí var Valgarð Halldórsson ráðinn atvinnu- og ferðamálafulltrúi hjá Héraðsnefnd Snæfellinga í 100% starf. Hann fór í 50% starf haustið 1996 þar sem hann fór í nám. Valgarð lét af störfum vorið 1997.
- * 1993, 15. sept. var Valgeir Ingi Ólafsson ráðinn ferðamálafulltrúi Suðurlands í 100% starf. Valgeir Ingi hætti störfum 15. sept. 1995.

Ferðamálafulltrúar ráðnir 1994

- * 1994, jan.-mars (3 mán.) var Sigríður Þrúður Stefánsdóttir ráðin ferðamálafulltrúi í Mývatnssveit hjá Atvinnuátaki Mývatnssveitar.
- * 1994, 1. júní var Ingibjörg Ingadóttir ráðin ferðamálaferðamaðlaf. í 100% starf hjá Ferðapjónustufélaginu Forskoti á Egilsstöðum, Héraði og Borgarfirði Eystri (1 bæjarfélag og 10 hreppar). Ingibjörg hætti störfum 1. janúar 1996.
- * 1994, 1. júní var Kristófer Ragnarsson ráðinn í 100% starf sem ferðamálafulltrúi Austurlands. Kristófer hætti störfum 1. des. 1995.

- * 1994, 1. júní var Jakob Þorsteinsson ráðinn í 100% starf sem ferðamálafulltrúi hjá Héraðsnefnd Skagafirðinga.
Jakob hætti störfum 1. júní 1996.
- * 1994, 1. sept. var Ófeigur Gestsson ráðinn ferðamálafulltrúi í 60% starf hjá ferðamálafélagi A.- Húnavatnssýslu.
Ófeigur hætti störfum í ágúst 1997.
- * 1994, 1. okt. var Elías B. Gíslason ráðinn atvinnu- og ferðamálafulltrúi í 100% starf fyrir Vestmannaeyjabæ.
Elías B. Gíslason hætti störfum í febrúar 1996.

Ferðamálafulltrúar ráðnir 1995

- * 1995, 15. jan. var Þórður Höskuldsson ráðinn ferðamálafulltrúi hjá Atvinnupróunarfélagi Þingeyinga í 100% starf. Starf hans var ekki bundið við ferðapjónustu eingöngu heldur atvinnuráðgjöf almennt.
Þórður hætti störfum 31. des. 1996.
- * 1995, í febrúar var Ásborg Arnþórsdóttir ráðin í 50% sem ferðamálafulltrúi Biskupstungnahrepps í 2 mán.
- * 1995, 1. júní var Guðrún Jónsdóttir ráðin ferðamálafulltrúi hjá Ferðamála-samtökum Mýra- og Borgafjarðarsýslum í hlutastarf.
- * 1995, 1. júlí var Anna Margrét Guðjónsdóttir ráðin ferðamálafulltrúi Reykjavíkurborgar í 100% starf. Hún starfaði sem ferðamálafulltrúi Vestfjarða frá 1992 þar til hún tók við þessu starfi.
- * 1995, 18. júlí var Jóhanna B. Magnúsdóttir ráðin ferðamálafulltrúi Skaftárhrepps í 100% starf. Jóhanna lét af störfum í október 1998.

Ferðamálafulltrúar ráðnir 1996


- * 1996, 1. jan. var Ásborg Arnþórsdóttir ráðin í 50% sem ferðamálafulltrúi Biskupstungnahrepps. Um áramótin 1996-97 var hún ráðin til tveggja ára fyrir 8 hreppa í uppsveitum Árnessýslu. Árið 1998 var starfið framlengt til 2ja ára.
- * 1996, 1. febrúar var Þórunn Gestsdóttir ráðin upplýsinga- og ferðamálafulltrúi í 100% starf hjá Ísafjarðarkaupstað og frá 1. júní hjá sameinuðum sveitarfélögum á Vestfjörðum.
Þórunn hætti störfum 1. des. 1996.
- * 1996, 15. febrúar var Karl Ingólfsson ráðinn ferðamálafulltrúi í 100% starf hjá Ferðapjónustufélaginu Forskoti á Egilsstöðum, Héraði og Borgarfirði Eystri.
Karl hætti störfum í janúar 1997.
- * 1996, 15. júní var Jón Ólafur Björgvinsson ráðinn ferðamálafulltrúi Siglufjarðar tímabundið til 15. september af ferðamálasamtökum Siglufjarðar í 100% starf.
- * 1996, 1. júní var Kolbeinn Þór Bragason ráðinn af Hagfélaginu í V. - Húnavatnssýslu í 100% starf atvinnu- og ferðamálafulltrúa.
Kolbeinn Þór hætti í júlí 1997.

- * 1996, 1. júní var Páll Marvin Jónsson ráðinn í 50% starf sem ferðamálafulltrúi hjá Próunarfélagi Vestmannaeyja. Páll Marvin hætti störfum í lok árs 1997.
- * 1996, 1. nóvember er Dorothee Lubecki ráðinn sem ferðamálafulltrúi Vestfjarða í 100% starf hjá Fjórðungssambandi Vestfirðinga og frá 1. mars 1997 hjá Atvinnuþróunarfélagi Vestfjarða.

Ferðamálafulltrúar ráðnir til 1. mars 1997

- * 1997, 1. jan. Jón Halldór Jónasson ráðinn í 100% starf sem ferðamálafulltrúi Hafnarfjarðar í afleysingum fyrir Rögnvald Guðmundsson.
- * 1997, 1. mars er Deborah Robinson ráðinn af Héraðasnefnds Skagfirðinga sem ferðamálafulltrúi Skagafjarðar í 50% starf. Frá 6. júní 1998 var hún ráðin hjá Sameinuðu sveitarfélagi í Skagafirði.

Eftirfarandi súlurit sýnir annars vegar fjölda nýráðinna ferðamálafulltrúa á ári hverju á árunum 1990-1996 og hins vegar fjölda þeirra sem létu af störfum á sama tímabili.



Myndir frá upphafsárunum



Fundur í Höfn í Hornafirði 1994, Jóhann D. Jónsson og Þórdís G. Arthursdóttir.



Jóhann D. Jónsson, Ófeigur Gestsson, Ingibjörg Ingadóttir og Sigríður Gróa Þórarinsdóttir.



Fundur á Flúðum í mars 1995.



Fundur á Flúðum í mars 1995.



Terry Stevens, Sigríður G. Þórarinsdóttir, Magnús Oddsson, Þórdís G. Arthursdóttir og Vigfús Vigfússon.



Ferðamálafulltrúar á fundi fyrir Vest-Norden 1994.



Fundur á Akranesi í nóvember 1995.